



Míla ehf.
Páll Á Jónsson, framkvæmdarstjóri
Stórhöfða 22-30
110 Reykjavík.

Reykjavík, 18. ágúst 2010

Málsnúmer: 2010080033
Skjalalykill: 3.31.014

Málefni: Endurskoðun RUO m.a. vegna tíðniskipulags

Vísað er í fund sem haldinn var þann 12. ágúst s.l. með PFS, þar sem fulltrúar Mílu gerður grein fyrir vandamálum sem upp höfðu komið vegna truflana í aðgangneti fyrirtækisins.

Vegna þessa telur Póst- og fjarskiptastofnun nauðsynlegt að fyrirtækið uppfæri viðmiðunartilboð fyrirtækisins fyrir opinn aðgang að heimtaugum, dags. 1. apríl 2009, sbr. ákvörðun PFS nr. 1/2009.

Breytingarnar skulu taka til sammingsins sjálfs sem og viðauka eftir því sem þurfa þykir.

Eftirtalin efnisatriðu skulu m.a. vera til viðmiðunar:

- Almennur áskilnaður um að það sé á ábyrgð allra aðila að draga úr milliheyrslu eftir því sem kostur er.
- Tíðniskipulag fyrir heimtaugar Mílu, þar sem gerð er grein fyrir hvaða tíðnir skulu notaðar á heimtauginni fyrir mismunandi tegundir tækni og/eða þjónustu. Gera þarf t.d. ráð fyrir VDSL2 í tíðniskipulaginu, sbr. t.d. tíðniplanið 998E17, sem finna má í ITU-T 993.2 viðauka B.
- Yfirlit yfir á hvaða tíðni hver heimtaug mun tengjast í heimtaug, sem og verð fyrir mælingar ef Míla telur að nauðsynlegt sé að taka gjald fyrir slíkar mælingar.
- Ákvæði um reglubundnar mælingar Mílu sem hluta af forvörnum til að fyrirbyggja truflanir
- Áskilnaður Mílu um að viðsemjendur skuli viðhafa samvinnu í tilefni af grunsemdum um truflanir af völdum búnaðar, á aðgangnet fyrirtækisins, sem og þjónustu annarra leigutaka á aðgangnetinu. Samstarfið skal m.a. fela í sér, skyldu til upplýsingargjafar, t.d. aðgang að mælingum viðsemjanda, aðkomu stafsmanna viðsemjanda, aðgang að búnaði viðsemjanda, t.d. til að meta hættu á hugsanlegum truflunum ásamt öðrum atriðum sem Míla telur að séu nauðsynleg til að minnka líkur á truflunum.
- Upplýsingar um hámarksafli sem viðsemjandi má nota á þeim línunum sem leigðar eru með tilliti til þeirrar tækni og/eða þjónustu sem um er að ræða.

- Ferlar varðandi hvernig staðið er að því þegar ný tækni er tekin upp á aðgangnetinu.
- Listi yfir þá götuskápa þar sem mögulegt er að veita VDSL aðgang í, sem og verð fyrir aðganginn.
- Heimildir Mílu til að bregðast við ef búnaður viðsemjanda uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru af hálfu Mílu.

Þess er óskað að hið breytta viðmiðunartilboð verði sent Póst- og fjarskiptastofnun fyrir 29. september n.k. ásamt greinargerð fyrirtækisins sem skal innihalda lýsingu á þeim breytingum sem eru gerðar. Í framhaldinu mun stofnunin efna til samráðs við hagsmunaðila varðandi þær breytingar sem verða boðaðar af hálfu Mílu á efnisatriðum samningsins og taka að lokum formlega ákvörðun.

Virðingarfyllst,

Friðrik Pétursson